


þeirra. Og þau gleymdu þeinf öllum. Gröninni, veðurhljóðinu í fjöllunum, sögunni og vísunni gleymdu þau. Grönim var höggvin og flutt í burtu. Æn svínakjötíð hækkaði í verði.

Kr. St.



## I VEÐRASKIFTUNUM.



Hvort glæðist ei þor,  
hvort greikkarðu' ei spor,  
þá gígjustreng frelsisins hrærir hið lífgandi vor? —  
Ef vinnan var ströng,  
og vetrarnótt löng,  
svo vorþráin sofnaði' í myrkrinu' og annanna þróng,  
þá vek hana, vek hana aftur af svefni með söng!  
Ef sál þín er vorlaus,  
þá verðurðu þorlaus; —  
þú visnar upp lífandi — kaldur og andlega dauður.  
Já, ef til vill verri  
en Ormur á Knerri,  
sem Eygló var hulin, því hann var til stórræða' ei trauður.  
En þú verður eigi  
á upprisudegi  
hinu' illa né góða að liði, sem hafur né sauður,  
— því sál þín er, vinur minn! svolítill leirmoli rauður.

Þú þrældómsins barn,  
semi þurkar alt skarn  
af þrælsalans fótum, og kúgast svo auðmýktargjarn!  
Vek hug þinn og sál,  
kveik hjarta þíns bál,